

74 háskólans fyrir greiðslu þeirra til hans, enda hafi háskólaráðið eigi gjört aðrar
13. apríl löglegar ráðstafanir um innheimtuna.

Ad 3. Þessari spurningu svarar prófastur einnig játandi, af því að 18. gr. áðurnefndra stjórnarskipunarlaganna ákveður, að utanþjóðkirkjumenn, er eigi heyra til söfnuði viðurkendum í landinu, greiði til háskólans gjöld þau, er honum ella hefði »borið að greiða til þjóðkirkjunnar«, þá eigi hann á hverjum stað eigi aðeins að greiða hið lægsta gjald, sem lög ákveða, heldur það gjald, sem hann á þeim stað hefði orðið að gjalda, þótt hærra sje fyrir hækkun persónugjaldsins og niðurfjöfnun aukagjalds lögum samkvæmt. Þessa lausn telji þjer og rjetta, og verður stjórnarráðið að vera yður sammála um það.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir prófastinum í Kjalarnesþingi.

75 **Brjef stjórnarráðsins** til bæjarfógetans í Reykjavík um *innflutning á svinum*
15. apríl frá útlöndum.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá herra Emil Strand hjer í bænum um, að honum verði leyft að flytja hingað til Reykjavíkur 4—6 lifandi grisi frá útlöndum í því skyni að fita þá hjer og slátra þeim síðan.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóvember 1905, sbr. lög nr. 25 frá 9. júlí 1909 veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að grísirnir verði fluttir hingað beina leið frá Noregi eða Danmörku,
- 2) að þeim fylgi vottorð lögskipaðs dýralæknis um að þeir hafi verið fyllilega heilbrigðir, er þeim var skipað út, og að þeir hafi ekki síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klovesyge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«,
- 3) að þeir verði skoðaðir hjer af dýralækni og hann hafi ekkert að athuga við heilbrigði þeirra, og
- 4) að þeir verði geymdir hjer í afgirtu landi í Reykjavík og fluttir þangað á vagni og ekki þaðan aftur nema á vagni og til slátrunar.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

76 **Brjef stjórnarráðsins** til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um *flutning þingstaðar*.
29. apríl Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 12. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Nauteyrarhreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps sje fluttur frá Nauteyri að Arngerðareyri, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.